



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Sveinn Margeirsson

## Skútustaðahreppur

### 18. apríl 2021

Kæru Mývetningar nær og fjær! Vorverkin komin á fullt og varla tími til að senda frá sér pistil að þessu sinni. Farfuglarnir mættir og spennandi tímar framundan. Njótum vorsins með nokkrum fréttamolum frá liðnum vikum og atriðum sem framundan eru.

### Árbók Þingeyinga

Dr. Ásta Kristín Benediksdóttir mun taka við af Birki Fanndal við ritun í Árbók Þingeyinga. Ásta Kristín er búsett að Arnarvatni og varði árið 2019 ritgerð sína í íslenskum bókmenntum sem nefnist Facing the Heartbeat of the World. Elías Mar, Queer Performativity and Queer Modernism.

### Menningarverðlaunin

Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir eftir tilnefningum og ábendingum vegna menningarverðlauna Skútustaðahrepps 2021.

Einstaklingar, hópar eða félagasamtök geta hlotið nafnbótina og tilnefningu skal gjarnan fylgja stutt greinargerð um viðkomandi. Þar skal fara yfir starf, viðburði og/eða þátt viðkomandi í að auðga menningar- og félagslíf í sveitarfélaginu og vera öðrum fyrirmynd.

Rétt til að tilnefna hafa öll félög og íbúar í Skútustaðahreppi.

Reglur um menningarverðlaun má finna inni á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Reglugerðir, samþykktir og stefnur). Tilnefningar skal senda á [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) fyrir 1. maí n.k.

Verðlaunin verða afhent á hátíðarhöldunum þann 17. júní n.k. ef af þeim verður, annars við annað tækifæri

### Vinnuskólinn í sumar

Skráning í vinnuskóla Skútustaðahrepps, fyrir unglunga úr 8.-10. Bekk er hafin. Áhugasamir geta skráð sig á [umsokn@skutustadahreppur.is](mailto:umsokn@skutustadahreppur.is)

### Lífærar auðlindir - Tilraunaverkefni

Tilraunaverkefni um lífrænar auðlindir er farið af stað. Nánari upplýsingar verða sendar í næsta sveitastjórapistli.



## Hlaupahópur kominn af stað

Þar sem vorið lætur nú á sér kræla er skokk- og gönguhópur kominn af stað. Magga Dís í Klettholti ætlar að halda utan um skipulagningu og leiðsögn. Við stefnum á að hittast 2-3 sinnum í viku til að byrja með á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 17:00-18:00 og lengri æfingar á laugardögum fyrir þá sem vilja (nánar auglýst síðar). Fyrsta æfingin verður á þriðjudaginn 20. apríl kl. 17:00 fyrir utan ÍMS.

Skokk- og gönguhópurinn er opinn öllum sem vilja stunda holla hreyfingu í góðum félagsskap, allir eru velkomnir, byrjendur jafnt sem lengra komnir, það verður farið rólega af stað og mismunandi vegalengdir í boði eftir því sem hentar hverjum og einum.

Munið bara að mæta í léttum fatnaði, góðum strigaskóm og endurskinsvestin gera okkur sýnilegri.

Allir trimmarar gangandi/skokkandi eða hlaupandi velkomnir!

## Ágengar plöntutegundir

Á fundi íslenska vistfræðifélagsins nýverið hélt Ragnhildur Sigurðardóttir á Þórólfshevi erindið: *The evolution of ecosystem management in Framengjar Wetlands, Lake Mývatn NE Iceland; A story told by trolls, placenames, historical documents and biodiversity.* Valeríja Kiskurno tók þátt í fundinum og mun þekking af honum nýtast í baráttu við ágengar plöntutegundir í sveitarfélaginu.

## ÍMS opnar

Ný reglugerð tekur gildi á fimmtudaginn 15. apríl og getum við opnað fyrir aðgang í ÍMS, sami opnunartími og áður. Ekki verður opið fyrir aðgang lykilkorta eins og er.

Áfram er þó nauðsynlegt að skrá sig fyrirfram hvort sem er í tækjasalinn eða í hóptíma. Skráning fer fram hjá leiðbeinendum í hóptíma eða í síma 464-4225 hjá starfsfólki ÍMS sem hefur eftirlit með fjölda fólks í hverju rými.

Eftir æfingu sóttreinsa allir þann búnað sem þeir notuðu.

Við minnum á mikilvægi persónulegra sóttvarna, þvolum eða sprittum hendur og notum grímur þar sem ekki er hægt að tryggja tveggja metra regluna.

## Lausnamót – MATUR-VATN-ORKA



Hacking Norðurland er lausnamót sem fór fram dagana 15.-18. apríl 2021 á Norðurlandi. Unnið var með sjálfbæra nýtingu auðlinda svæðisins með tilliti til matar, vatns og orku. Markmið

lausnamótsins var að efla frumkvöðlastarf og sköpunarkraft á svæðinu og þannig stuðla að nýjum verkefnum og viðskiptatækifærum. Lausnamótinu er ekki síður ætlað að vekja athygli á því öflugum frumkvöðlasamfélagi sem er á Norðurlandi. Hacking Norðurland er samstarfsverkefni Hacking Hekla, Eims, Nordic Food in Tourism, SSNE, SSVN og Nýsköpun í norðri. Sjá nánar á [fésbókarsíðu viðburðarins](#).

Það voru skráðir 68 þátttakendur til leiks og bar verkefnið Græn lamb – Keldhverfskt kjöt af algrónu landi, bar sigur úr bítum og 500 þúsund króna verðlaunafé. Það var sáttur samstarfshópur NÍN, Eims, SSNE, SSVN og Hacking Hekla í nýsköpunarkvikunni Gíg að loknu lausnamótinu!



## HRÓS DAGSINS

Hrós dagsins fellur í skaut starfsmanna Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfisstofnunar í sveitarfélaginu fyrir góðar umræður á liðnum vikum um samstarfstækifæri og lánið á húsnæðinu í Gíg fyrir lausnamótið. Takk!

Betra er að gefa en þiggja!

**Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri**